

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1977

21. febrúar 1977.

209

Nr. 139.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sveitarstjóra í Ölfushreppi í Árnassýslu
nr. 225 22. okt. 1970.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar að undangenginni opinberri auglýsingu um starfið.

Kjörtímabil hans er hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Ölfushrepps í Árnassýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

21. febrúar 1977.

Nr. 140.

REGLUGERÐ

um búfjárhald á Húsavík.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts, skipulagðs bæjarlands Húsavíkur, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Allt búfjárhald í bæjarlandinu er þó gjaldskyldt samkvæmt 5. gr.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. grein skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru er máli skiptir um öryggi þess og aðhald.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið, (til lengri eða skemmri tíma). Má veita það ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem samþykkt þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir veitt leyfi þó eigi hærra en kr. 1 000.00 á ári. Gjaldi þessu sé varið til vörslu bæjarlandsins.

6. gr.

Bæjarstjórn skal skylt að láta gera búfjánhald girðingu umhverfis byggð í bænum og skipuleggja landssvæði fyrir búfjánhald utan þeirra bæjarmarka. Stefnt skal fljótt og skipulega að því að allt búfjánhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjánhald í kaupstöðum og kaupþunum, til þess að öðlast gildi frá 1. október 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um búfjánhald í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að stemma stigu við óhóflegu búfjánhaldi innan lögsagnarumdæmis Akureyrar og tryggja að gróðurlendi bæjarins verði ekki spillt. Skal reglugerð þessi endurskoðuð í síðasta lagi 1982 með tilliti til þess, hvort rétt sé að takmarka búfjánhald enn frekar.

2. gr.

Búfjánhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita, alifugla) er óheimilt innan lögsagnarumdæmis Akureyrar, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 2. gr. skal senda um það umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta. Leyfisveiting fyrir hesta og sauðfé er háð því, að umsækjandi sé félagi í viðkomandi félagi.